

Atvinnustefna um vöxt og nýsköpun

Aukin fjárfesting í atvinnulífinu og bætt samkeppnishæfni eru brýnustu verkefni næstu ára. Takast þarf á við þau með stöðugu starfsumhverfi fyrirtækja, stuðningi við nýsköpun í öllum greinum, menntuðu vinnuafli og nýtingu auðlindaarðsins í þágu atvinnuuppbyggingar. Verðmætasköpun er eina leiðin til að vinna á erlendum skuldum þjóðarbúsins og tryggja um leið bætt lífskjör og velferð.

- Meginmarkmið jafnaðarmanna er að á Íslandi þrífist fjölbreytt atvinnulíf sem skapar verðmæt störf.
- Heilbrigð samkeppni í þágu verðmætasköpunar og hagsmuna neytenda sem og launþega, en gegn sóun, fákeppni og höftum er lykilatriði í atvinnustefnu jafnaðarmanna.
- Sem mest af arði atvinnulífs framtíðarinnar á að verða til á grundvelli viðskiptahugmynda sem standast alþjóðlega samkeppni, og virkjunar hugvits og markaðsþekkingar, í stað þess að auður safnist upp í skjóli úthlutaðrar aðstöðu eða fákeppni með gjaldmiðilinn sem samkeppnishindrun. Efling alþjóðageirans¹ er því forgangsverkefni.
- Opnun samfélagsins fyrir fjárfestingum og samkeppni er mikilvæg leið til að efla alþjóðageirann, auka framleiðni og fjölbreytni í atvinnulífinu og standa undir bættum lífskjörum. Afnáam viðskiptahindrana gagnvart nágrannalöndum okkar eru nauðsynlegur liður í að tryggja íslensku atvinnulífi betra og samkeppnishæfara starfsumhverfi. Viðræður um aðild að ESB er hornsteinn í þeirri stefnu.
- Heildstæð auðlindastefna er þýðingarmikið skref til að tryggja sátt og betra starfsumhverfi fyrir auðlindagreinarnar. Tilkall þjóðarinnar til hluta auðlindaarðsins leggur grunn að uppbyggingu í þágu fólks og atvinnulífs um land allt. Nýting auðlindaarðsins til uppbyggingar fyrir atvinnulíf framtíðarinnar er lykill að farsælli byggðastefnu.
- Aukin fjárfesting, bætt samkeppnisumhverfi, stuðningur við nýsköpun og virkjun hugvits til verðmætasköpunar eru sóknarfæri fyrir allar atvinnugreinum. Því er atvinnustefnu jafnaðarmanna skipt í fimm svið eftir viðfangsefnum sem sameiginleg eru öllum atvinnugreinum í stað sérstakrar

¹ Sjá t.d. nýlega skýrslu McKinsey um vaxtarstefnu fyrir Ísland, *Charting a Growth Path for Iceland*, þar sem fjallað er sérstaklega um innlenda geirann, auðlindageirann og alþjóðlega geirann.

stefnu fyrir hverja grein. Sviðin eru: *Vaxtarskilyrði, stoðkerfi, mannauður, sóknarfæri og sérstaða, og auðlindastefna.*

Vaxtarskilyrði

Að búa til samkeppnishæf skilyrði til fjárfestinga og verðmætasköpunar er forgangsverkefni stjórnvalda í atvinnumálum á næstu árum. Trúverðug framtíðarsýn um stöðugleika í efnahags- og gengismálum, aðgengi að fjármagni og stöðugt laga- og skattaumhverfi eru nauðsynlegar forsendur árangurs. Fylgja verður eftir nýrri stefnu um eflingu beinna erlendra fjárfestinga um leið og hvatt er til innlendra fjárfestinga. Afnáam fjármagnshafta er knýjandi fyrir vöxt fyrirtækja í alþjóðargeiranum.

- Atvinnulífið þarf stöðugan gjaldmiðil og vaxtastig sem er sambærilegt við samkeppnislöndin, ekki síst hinn mikilvægi alþjóðageiri. Því er brýnt að lokið verði viðræðum um aðild að Evrópusambandinu svo þjóðin geti tekið upplýsta afstöðu til aðildar. Slíka afstöðu verður þá m.a. unnt að byggja á grundvelli upplýsinga um áhrif aðildar á íslenskt atvinnulíf og áætlunar um hvernig tryggja megi stöðugleika íslensku krónunnar við afnáam fjármagnshafta og þar til unnt er að taka upp evru í þágu atvinnulífs og neytenda.
- Brýnt er að jafna skilyrði atvinnulífs um allt land hvað varðar grunngerð og mikilvægustu innviði á borð við samgöngur, fjarskipti, raforku- öryggi, -flutning og -dreifingu.
- Jafnaðarmenn leggja áherslu á áframhaldandi aðhald og jafnvægi í ríkisfjármálum, stöðuga hagstjórn, traust fjármálakerfi og jákvæðan viðskiptajöfnuð. Þetta eru forsendur þess að íslenskt efnahags- og atvinnulíf njóti eðlilegs aðgangs að fjármagni á ásættanlegum kjörum og haldi þannig sjálfstæði sínu. Lækkunarferli tryggingagjalds hófst í tíð síðustu ríkisstjórnar og er miður að því hefur ekki verið haldið áfram í þeim mæli sem bættur hagur hins opinbera gefur tilefni til.

- Losun fjármagnshafta er mjög brýnt og vandasamt viðfangsefni. Nú þegar hafa höftin hrakið vænleg sprotafyrirtæki úr landi og er ástæða til að óttast að slík þróun haldi áfram á meðan fjárfestar óttast að lokast inni í íslensku haftakrónunni. Við losun hafta þarf að verja kjör þeirra sem þiggja laun sín í íslenskum krónum. Aðstæður til losunar hafta hafa aldrei verið betri en einmitt nú þegar vaxtastig í nágrannalöndum er með lágsta móti, búið að semja um framlengingu skuldabréfs Landsbanka og verðbólga með lágsta móti. Ekki er víst að slíkar aðstæður vari lengi og því er mikilvægt að fumlau og fagleg vinnubrögð verði viðhöfð í losunarferlinu en vinum og vandamönnum ríkisstjórnarflokkana haldið þar fyrir utan. Áframhaldandi fagleg stjórnun Seðlabanka Íslands er í því tilliti algert lykilatriði.
- Fylgja ber eftir nýrri stefnu um eflingu beinna erlendra fjárfestinga á Íslandi, þeirrar fyrstu sem mótuð hefur verið. Þar er áhersla lögð á að kortleggja og bæta samkeppnisstöðu Íslands, endurskoða laga- og regluramma og beita virkum markaðsaðgerðum til að laða hingað til lands fjárfestingu sem flytur með sér nýja þekkingu og tækni, eykur fjölbreytni atvinnulífs og styður við ímynd landsins.
- Ljúka þarf endurskoðun laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, sem ríkisstjórnin setti við upphaf kjörtímabilsins, með það að markmiði að auka virkni þeirra og hvata til uppbyggingar.
- Lagaumhverfi og skattkerfi skal haga þannig að það hvetji til skráningar stærri fyrirtækja á hlutabréfamarkað. Þannig verði bæði stuðlað að dreifðri eignaraðild og gagnsæi í rekstri þeirra.
- Flýta þarf vinnu við breytingar á skattkerfinu þannig að því sé beitt sem hvata til fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Stoðkerfi, nýsköpun og miðlun þekkingar

Stofnun langþráðs Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis í tíð síðustu ríkisstjórnar markaði þáttaskil sem fólu í sér tækifæri eflingar alls stoðkerfis atvinnulífsins. Handahófskenndar tilraunir til eflingar atvinnulífs eru ekki vænlegar til árangurs.

- Endurgreiðslur undanfarinna ára á rannsókn- og þróunarkostnaði fyrirtækja og stórefling bæði Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknasjóðs á fjárlögum ársins 2013 sýna í verki áherslu jafnaðarmanna á að efla atvinnulífið og skapa verðmæt störf. Efla ber kynningu á þessum stuðningi.

- Atvinnu- og svæðapróunaráætlanir ESB eru byggðar á margreyndum ferlum og stefnumótun, sem mikilvægt er að stoð- og stofnanakerfi íslensks atvinnulífs tileinki sér og búi sig undir virkari þátttöku. Bæði aðferðirnar og aðgangur að fjármögnun áætlana ESB skapa sóknarfæri fyrir landsbyggðina á Íslandi til að auka samkeppnishæfni og fjölbreytni atvinnulífs.
- Vegna gríðarlegs vaxtar fjölda ferðamanna sem sækja Ísland heim er mikilvægt að gera gangskör í framkvæmdum á helstu ferðamannastöðum. Auka þarf opinberar tekjur til að standa undir auknum framlögum til framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar.
- Sameining atvinnuvegaráðuneytanna í eitt öflugt ráðuneyti skapaði tækifæri til að samþætta landbúnaðarkerfið við almennt stoðkerfi atvinnulífsins. Mikilvægt er að þeirri sameiningu verði lokið en ráðuneytiskipian verði ekki notuð til að leysa innanhúsdeilur stjórnarflokkana. Landbúnaðurinn á sóknarfæri m.a. í tengslum við ferðaþjónustuna og matvælageirann. Stærri hluti stuðnings við greinina þarf að vera í gegnum grænar nýsköpunargreiðslur. Tolla- og styrkjakerfið hefur hvorki tryggt rekstraröryggi né bætt afkomu bændastéttarinnar. Hagsmunir bænda og neytenda fara saman í áherslu á nýsköpun og framþróun í greininni.
- Til að tryggja hagkvæmni í atvinnulífinu, mæta þörfum vaxtagreina eins og ferðaþjónustu, skapandi greina og upplýsingaiðnaðar, og til að mæla árangur á atvinnustefnu þarf að bæta alla skráningu upplýsinga og hagtalna úr atvinnulífinu og gera þær aðgengilegar með opnum hætti á netinu.

Sóknarfæri og sérstaða

Í sterkum atvinnugreinum, þar sem reynsla og þekking er þegar til staðar, búa fjölbreyttir möguleikar. Matvælageirinn með sjávarútveg og landbúnað sem bakhjarla, orkugeirinn og tengdur iðnaður, líf- og heilsutækni, skapandi greinar, alþjóðargeirinn og ferðaþjónusta eru dæmi um atvinnugreinar sem eiga mikil sóknarfæri. Magnvöxtur margra hefðbundinna greina er takmarkaður, m.a. vegna þolmarka auðlinda- eða landnýtingar, og því þarf að einbeita sér að virðisaukningu með virkjun hugvits, sem er óþrjótandi auðlind.

- Sóknarfæri verða ekki síst til þar sem hefðbundin skil milli atvinnugreina eru brotin upp. Vöruþróun og tækninýjungar sprottnar úr sjávarútveginum hafa skapað ný og öflug fyrirtæki. Orkugeirinn er uppspretta mikillar þekkingar og nýsköpunar sem getur orðið mikilvæg útflutningsgrein á komandi árum. Matvælageirinn, öflugt heilbrigðiskerfi og ferðaþjónusta leggja grunn að heilsu- og lífsstílstengdri ferðaþjónustu.

- Til alþjóðargeirans telja þau fyrirtæki sem eru í samkeppni á erlendum mörkuðum og eru að mestu óháð staðbundnum auðlindum landsins. Hann þarf að efla með góðu framboði af menntuðu starfsfólki, stöðugu rekstrarumhverfi og lagaumgjörð.
- Aðild að Evrópusambandinu eykur möguleika til arðsamrar vinnslu sjávarafurða á Íslandi enda fæst þá fullt tollfrelsi fyrir allar sjávarafurðir á Evrópumarkað. Aðildin skapar líka áður óþekkt tækifæri til útflutnings og nýsköpunar fyrir íslenskan landbúnað enda valda höft á Íslandi því að ekki er hægt að fá raunverulegan aðgang að öðrum mörkuðum vegna gagnkvæmnisreglna.
- Samstillt átak ferðapjónustufyrirtækja og stjórnvalda um vöruþróun og fjölgun ferðamanna sýnir hvaða árangri hægt er að ná með góðri samvinnu. Til framtíðar á áherslan að vera á aukna verðmætasköpun í greininni fremur en fjölgun ferðamanna.
- Virk stefna á sviði grænnar atvinnustarfsemi í anda þeirra tillagna sem samþykktar voru um eflingu græna hagkerfisins á síðasta kjörtímabili, hrein ímynd landsins og umhverfisvæn orka eru aðdráttarafi fyrir græna erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu. Brýnt er að nýta þessi tækifæri til að draga úr sóun, auka framleiðni og fjölbreytni í atvinnulífi og ýta undir fjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi.
- Á grundvelli skýrrar stefnu um nýfjárfestingar og aðgerða til að bæta samkeppnisstöðu Íslands gagnvart beinum erlendum fjárfestingum, á að efna til samstarfs stjórnvalda, sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og fyrirtækja um kortlagningu tækifæra og innviða um land allt. Þessi tækifæri á að kynna með markvissum hætti til að auka áhuga fjárfesta og fyrirtækja og skapa samkeppni um uppbyggingu.

Mannauður

Virk jafnréttisstefna og löggjöf um jafna stöðu kynja er nauðsynleg til að tryggja að atvinnulífið fari ekki á mis við reynslu, hæfileika og þekkingu beggja kynja. Þann mannauð á allan að virkja.

- Íslenskt atvinnulíf þarf að hafa aðgang að menntuðu og sérhæfðu starfsfólki, bæði innlendu og erlendu. Eitt af markmiðum laga um réttindi og stöðu útlendinga á Íslandi á að vera að laða hingað nýja þekkingu og reynslu og gera íslensk fyrirtæki samkeppnishæf um mannauð í alþjóðlegu samhengi.

- Hugvit einstaklinga þarf að nýta til eflingar atvinnu og verðmætasköpunar. Nýta þarf tækifæri á nýjum sviðum tækniþróunar til að auka arðsemi innlendrar framleiðslu og komast í fremstu röð.
- Efla þarf rannsóknir á háskólastigi og samstarf við erlenda háskóla. Auk rannsókna tengdum atvinnulífi eru grunnrannsóknir mikilvæg uppspretta hagnýtrar þekkingar, nýjunga og einkaleyfa.
- Vaxtargreinar síðustu ára kalla á aukna áherslu á iðn- og tæknimenntun, auk þess sem fjölbreytt list- og hönnunarnám er undirstaða mikilvægra og vaxandi atvinnugreina, sbr. mennta- og menningarstefnu Samfylkingarinnar.
- Með endurmenntun og starfsþjálfun er hægt að auka sveigjanleika á vinnumarkaði og mæta sameiginlegum þörfum atvinnulífs og atvinnulausa fyrir nýsköpun í takti við eðlilega framþróun.

Auðlindaarður til uppbyggingar

Þjóðaratkvæðagreiðsla um efnisatriði nýrrar stjórnarskrár leiddi í ljós afgerandi stuðning þjóðarinnar við ákvæði um ævarandi þjóðareign á náttúruauðlindum. Þar er áskilið að nýtingarrétti verði aðeins úthlutað á jafnræðisgrundvelli til hóflegs tíma, gegn fullu gjaldi og með gagnsæjum og hlutlægum hætti. Brýnasta verkefnið í auðlindamálum er að fylgja þessari niðurstöðu eftir og innleiða heildstæða auðlindastefnu á forsendum sjálfbærrar þróunar þannig að þjóðin njóti arðsins af auðlindum sínum til uppbyggingar.

- Heildstæð auðlindastefna sem sett er fram í skýrslu Auðlindastefnunefndar varðar veginn að sátt um hinar mikilvægu auðlindagreinar. Kjarni hennar felst í samræmdri umsýslu auðlinda hvað varðar þætti á borð við úthlutun, nýtingartíma og sanngjarna skiptingu auðlindaarðsins þannig að auðlindagreinarnar sjálfar fái að vaxa, dafna og hagræða og skila hámarks verðmætum.
- Um tilvist veiðigjalds í sjávarútvegi virðist nú vera komin á almenn sátt og er það fagnaðarefni. Um ákvörðun upphæðar gjaldsins næst ekki sátt fyrr en það verður gert á markaðslegum forsendum, með sambærilegum hætti og gert er við ýmis önnur takmörkuð náttúrugæði í almannaeigu s.s. losunarheimildir og heimildir til nýtingar á tíðnisviðum til fjarskipa. Skoða þarf hvort nú sé orðið tímabært og fært að fara sömu leið og Norðmenn við skattlagningu auðlindarentu í orkugeiranum.
- Við ákvörðun tímalengdar nýtingaleyfa auðlinda vegast á sjónarmið um rekstraröryggi fyrirtækja annarsvegar og samkeppni og lýðræðislegra

réttinda hinsvegar. Við ákvörðun um tímalengd nýtingaleyfa þarf því að skoða eiginleika hvernar greinar fyrir sig með eðli fjárfestinga í huga.

- Samfylkingin telur að innleiðing heildstæðrar auðlindastefnu feli ekki aðeins í sér að finna leiðir til að skipta auðlindaarðinum milli nýtingaraðila og þjóðarinnar sem eiganda og umsjónaraðila. Það er jafnframt brýnt að þau svæði sem taka á sig fórnir vegna auðlindanýtingar, eða eru háðust henni, njóti auðlindaarðsins, m.a. til uppbyggingar innviða og fjölbreytts atvinnulífs. Slík skipting er ein af forsendum sáttar í auðlindamálum og er í anda sjálfbærrar þróunar.
- Á sama hátt og jafnaðarmenn vilja að arður af sameiginlegum auðlindum skiptist á réttlátan hátt á milli þjóðarinnar og nýtingaraðila þarf að tryggja réttláta skiptingu arðs af þjóðarauðlindum milli kynslóða. Það þýðir að nýting auðlinda, hvort sem er til lands eða sjávar, þarf að vera í samræmi við skilyrði sjálfbærrar þróunar.
- Finna þarf sanngjarna leið til innheimtu auðlindagjalds vegna nýtingar ferðapjónustunnar á náttúru landsins. Með slíku gjaldi er unnt að tryggja vernd og viðhald fjölsóttustu ferðamannastaða, og skapa færi til fjölga áfangastöðum ferðamanna og bæta þjónustuframboð og -gæði og þar með verðmætasköpun í ferðapjónustunni.
- Samfylkingin telur mikilvægt að þær orkuauðlindir sem sátt er um að virkja samkvæmt rammaáætlun verði nýttar til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu í samræmi við nýja orkustefnu. Tímabært er að rannsaka kosti þess og galla að tengja íslenska raforkuflutningskerfið við Evrópu um sæstreng og sannreyna hvort þar sé um mikla tekjumöguleika fyrir Ísland að ræða. Mikilvægt er að slík könnun verði fagleg, taki til allra þriggja meginstoða sjálfbærrar þróunar og leiði til samstöðu um þá ákvörðun sem hún leiðir fram.
- Mikilvægt er að flutningskerfi, dreifiveitur og orkuvinnslufyrirtæki sem tryggt getur orku og hagsmuni alls almennings og atvinnulífs séu ávallt í opinberri eigu. Athuga skal hvort hagfeldara geti reynst að ríkisfyrirtæki í orkugeiranum fjármagni sig í framtíðinni án ríkisábyrgðar
- Samfylkingin mun áfram hafa frumkvæði að ítarlegri opinberri umræðu um heildstæða auðlindastefnu, alla þætti orkunýtingarstefnu og samhengi við þá framtíðarsýn og þau markmið um eflingu atvinnulífs um allt land sem sett eru fram í áætluninni Ísland 2020.

2. Auðlindarenta (*e. Resource Rent*) myndast í atvinnugrein sem byggir á sérleyfum til nýtingar náttúruauðlinda. Hún er sá umframárður sem eftir stendur þegar atvinnugreinin hefur greitt rekstrarkostnað og staðið undir eðlilegri ávöxtun þess fjár sem bundið er í greininni, með tilliti til þeirrar áhættu sem í rekstrinum felst. Þjóðin sem eigandi auðlinda getur innheimt hluta auðlindarentunnar svo sem með sérstakri skattlagningu (*e. Resource Rent Tax*) eða uppboðum á sérleyfum.